



## 405. Stjórnarfundur haldinn 07. feb. 2013 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá ÍSÍ v/skila á starfsskýrslu. Skilafrestur er 15. apríl 2013. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/samþykktu 38. Sambandsráðsfundar UMFÍ á Klaustri 2012. *Móttekið.*

Bréf frá UMFÍ v/umsóknar um að halda Landsmót UMFÍ, unglinga, stóra og 50+. *Móttekið og framkvæmdastjóra falið að ræða við Stefán Bjarkason um þá möguleika sem kunna að vera í stöðunni varðandi umsókn um mót.*

### 3. Send bréf.

Engin.

### 4. Aðalfundir deilda og félagsins.

Allar deildir hafa lokið við sinn aðalfund. Útkoman er nokkuð góð. Engin breyting á formönnum deilda. Stjórnarmenn ánægðir með hvernig til hefur tekist hjá stjórnnum deilda. Góðar umræður um aðalfundina.

Aðalfundur félagsins hefur verið auglýstur á heimasíðunni. Farið yfir gátlista fyrir aðalfund.

### 5. Önnur mál.

EH sótti fyrirlestur um eineltismál “*EKKI MEIR!*”, sem haldinn var í Skátaheimilinu. Hanna B. Kjartansdóttir var dregin út í Fjölskyldan á fjallið og fékk að launum bók um Þórsmörk, en hún gekk á Keilir með Keflavík.

Mfl.kvenna í knattspyrnu hefur greitt hluta af skuld sinni til baka v/uppgjörs við Steinar Ingimundarson þjálfara. Erindi frá formanni knattspyrnudeildar um hvernig farið verður með eftirstöðvar á láninu auk samnings Landsbankans við knattspyrnudeildina.

#### *Lagt fram til kynningar.*

Rafmagnstaflan á Hringbraut 108 var við það að brenna yfir. EH og Hjörleifur Stefánsson eru búnir að laga hana. Hefði geta farið illa ef ekki hefði verið starfsemi í húsinu.

Köttur hafði lokast inni á Hringbraut 108 en hann hafði farið inn um lofttúðu. EH búinn að kom í veg fyrir að það sé hægt.

Herrakvöld knattspyrnudeildar fer fram 23. febrúar 2013.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:20

Fundinn ritaði SG

